

Álit umboðsmanns skuldara á gengislánadómi (Hrd. 50/2013 Plastiðjan g. Landsbankanum)

Dags. 5. júní 2013

Dómur Hæstaréttar frá 30. maí 2013 í máli nr. 50/2013 (Plastiðjan gegn Landsbankanum) markar að mati umboðsmanns skuldara ákveðin tímamót varðandi réttarstöðu lántaka í tengslum við framkvæmd endurútreiknings ólögmetra gengistryggðra lána. Í málinu komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að stefnda, Landsbankanum hf., væri óheimilt að krefja áfrýjanda, Plastiðjuna ehf., um óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands (SÍ vexti) fyrir liðna tíð.

Hæstiréttur hefur áður kveðið upp dóma í sambærilegum málum, nr. 600/2011 (Sigurður og Elvíra) og nr. 464/2012 (Borgarbyggð). Í framangreindum málum tilgreindi Hæstiréttur þrjú skilyrði eða atriði sem þyrftu að vera uppfyllt til að fallist yrði á að fyrri vaxtagreiðslur lántaka teldust fullnaðargreiðslur. Í fyrsta lagi hvort og hvenær lántaki væri í góðri trú um lögmæti skuldbindingar og að greiðslur sem þegar höfðu verið inntar af hendi fælu í sér fullar og réttar efndir. Í öðru lagi hvort og hvenær aðstöðumunur væri milli lántaka og lánveitenda þannig að hægt væri að líta svo á að um einhliða ákvörðun lánveitandans væri að ræða og staðlaða samningsskilmála. Þriðja skilyrðið ræðst svo af heildarmati á nokkrum atriðum og tilgreinir Hæstiréttur í máli nr. 50/2013 að ekkert eitt þessara atriða geti ráðið úrslitum. Þessi atriði eru mat á því hvort festa hafi verið komin á framkvæmd endurgreiðslna, hversu langur tími líði frá því að mistök komi fram þar til krafa er höfð uppi, hvort öðrum samningsaðila megi fremur kenna um að mistök hafi orðið, hvort samningssambandið sé í eðli sínu einfalt eða flókið og hvert sé umfang viðbótarkröfu vaxta.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 50/2013 var meginágreiningurinn um þetta síðastnefnda skilyrði og þá sérstaklega hvort fjárhæð viðbótarkröfu um vexti væri umtalsverð. Það er einkennandi fyrir lán til skemmri tíma, t.d. bílalán, þar sem lánsfjárhæð er lægri en þegar um húsnæðislán er að ræða að viðbótarkrafa um vexti fyrir liðna tíð er yfirleitt lægri en þegar lánsfjárhæð er há og lán til langs tíma. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu í málinu andstætt við héraðsdóm að mismunurinn á þeim vöxtum sem lántaki hafði greitt og þeim vöxtum sem lánveitandi krafði lántaka um með fyrri endurútreikningi lánsins væri umtalsverð fjárhæð bæði ef litið væri til upphaflegra lánsfjárhæðar eða sem hlutfalls af greiddum vöxtum.

Að mati umboðsmanns skuldara er því nú komið skýrt fordæmi frá Hæstarétti um að óheimilt sé að endurreikna lán til skemmri tíma, t.d. bílalán, með vöxtum SÍ aftur í tímann a.m.k. í þeim tilfellum þar sem vextir hafa verið greiddir og fullnaðarkvittun liggur því til grundvallar. Að mati embættisins er fordæmið einnig víðtækt og tekur ekki einungis til lána Landsbankans sem aðila að málinu heldur einnig til annarra lánastofnana sem veitt hafa ólögmet gengistryggð lán til skemmri tíma. Þetta mat stafar af því að í málinu var ekki verið að takast á um samningsform heldur eitt af þeim skilyrðum sem Hæstiréttur hefur fjallað um þegar rétturinn hefur leitt til lykta ágreining um það hvenær undantekningarregla kröfuréttarins um fullnaðarkvittun eigi við þannig að óheimilt sé að endurreikna ólögmet gengistryggð lán með vöxtum SÍ.

Í ljósi framangreinds er ljóst að að af máli nr. 50/2013 leiðir að endurreikna ber meginþorra skammtímalána í samræmi við uppgjörsaðferð Hæstaréttar í máli nr. 464/2012. Uppgjörsaðferðin

felur það í sér að afborganir af höfuðstól lánsamnings, sem inntar hafa verið af hendi til og með þess tíma er viðkomandi samningur var endurreiknaður, komi að fullu til frádráttar upphaflegum höfuðstól, sem ber hvorki gengistryggingu né verðbætur af öðrum toga. Fjárhæð greiddra vaxta hefur þar ekki áhrif, enda teljast þeir að fullu greiddir vegna þessa tímabils. Rétt er að geta þess að framangreinda aðferð er að finna í reiknivél á vef embættis umboðsmanns skuldara og hefur dómur Hæstaréttar í máli nr. 50/2013 því engin áhrif á reiknivélina.

Því skal þó haldið til haga að enn kann að vera réttaróvissa um lán þar sem skuldari hefur ekki staðið í fullum skilum á lánstíma, t.d. með því að nýta sér ýmis greiðsluferfiðleikaúrræði, eða ef lán hafa verið í vanskilum. Þetta getur hugsanlega haft áhrif við mat Hæstaréttar á þriðja skilyrðinu sem tilgreint er hér að framan og þá sérstaklega hvort hægt sé að líta svo á að festa hafi verið komin í framkvæmd endurgreiðslna. Umfang viðbótarkröfu um vexti getur einnig í einhverjum tilfellum verið lág ef lántaki hefur nýtt sér greiðsluferfiðleikaúrræði á borð við greiðslufrestun (frystingu) þar sem vextir hafa ekki verið greiddir heldur þeim skeytt við höfuðstól.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 50/2013 hafnaði rétturinn síðari lið dómkrafna lántaka um svokallaða ofgreiðslu vaxta. Þessi krafa fólst í því að á ákveðnum gjalddögum voru upphaflegir samningsvextir sem skuldari innti af hendi á gjalddaga hærri en vextir SÍ á sama tímabili. Þetta var ágreiningsefni sem ekki hafði áður reynt á í Hæstarétti en hefði þó einungis getað haft þau áhrif að nýr endurútreikningur yrði hagstæðari fyrir lántaka ef Hæstiréttur hefði fallist á kröfunna.

Að lokum vill umboðsmaður skuldara ítreka mikilvægi þess að hraðað verði endurútreikningum fjármálafyrirtækja eins og unnt er. Fordæmisgildi dómsins er skýrt og ekkert að vanbúnaði að hefja endurútreikning samkvæmt honum þegar í stað.

Virðingarfyllst,

Ásta S. Helgadóttir
umboðsmaður skuldara